

Verði húseign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gagnagerðargjaldi seld, skal bæjarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gagnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands.

1. gr.

Frá og með 26. nóvember 1975 eru allar síldveiðar íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak bannaðar. Gildir þetta á svæði, sem takmarkast að norðan af 62° 00' n.br. að vestan af 4° 00' v.lgd. frá 62° 00' n.br. að strönd Skotlands og í Ermarsundi af 1° 00' v.lgd. Að austan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er milli Skagen og Pater Noster vita.

Enn fremur eru bannaðar allar síldveiðar íslenskra skipa vestan Skotlands, á svæði VI (a) samkvæmt korti Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Svæði þetta markast að austan af 4° 00' v.lgd. frá strönd Skotlands að 60° 30' n.br. að norðan af 60° 30' n.br. vestur að 5° 00' v.lgd., þaðan af 60° 00' n.br. vestur að 12° 00' v.lgd., að vestan af 12° 00' v.lgd. suður að 54° 30' n.br. austur til strandar Írlands. Milli Írlands og Skotlands markast svæðið af 55° 00' n.br.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varðar brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. mars 1960.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 64 10. apríl 1975 um takmörkun á síldveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónsson.